

STUTT RISTILSPEGLUN

Það sem þú þarft að vita um stutta ristilspeglun

Meltingarsetrið, jarðhæð/1. hæð, Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík

- Ef þú þarfnast nánari upplýsinga eða þarft að breyta tímanum, vinsamlega hafðu þá samband í síma **556-3100** eða á netfangið meltingarsetrid@meltingarsetrid.is með minnst viku fyrirvara ef hægt er.

Almennar upplýsingar

Stutt ristilspeglun er algeng rannsókn og auðveld í framkvæmd. Skoðaður er endaparmur og slímhúðir neðri hluta ristils (bugðuristils).

Algengar ástæður fyrir rannsókninni eru:

Einkenni frá ristli t.d. verkir, hægðaróregla, hægðabreytingar (niðurgangur eða harðlífi), blóð í hægðum og grunur um sepamyndun (góðkynja útvöxtur á ristilslímhúð sem í geta leynst frumubreytingar).

Undirbúningurinn:

Neðsti hluti ristils þarf að vera tómur svo auðvelt sé að meta slímhúðirnar. Fljótandi fæði frá hádegi daginn fyrir rannsókn (t.d. tærar súpur, súputeningar, te, kaffi, tærir ávaxtasafar).

Úthreinsunin er með leysandi innhellivökva úr túpu, Klyx 120 ml (fæst í apóteki án lyfseðils). Keyptar eru 2 túpur. Fyrri túpan er sett í endaparm um kl. 22:00 kvöldið fyrir rannsókn og sú seinni um 1½ -2 klukkustundum fyrir rannsókn. Til að tryggja sem bestan árangur áttu að liggja á vinstri hlið á meðan, þá rennur innhellivökvinn undan halla upp ristilinn. Reyndu að halda innhellivökvanum inni í a.m.k. 5 mínútur áður en þú tæmir.

Það sem lækurinn þinn þarf að vita:

- Hvort þú ert með hjarta- eða æðasjúkdóm.
- Ofnæmi- hvers konar.
- Þungun.
- Hvort þú tekur blóðþynnandi eða blóðflöguhemjandi lyf eins og t.d. Kovar, Xarelto, Rivaroxaban, Pradaxa, Eliquis, Lixiana, Persantin, Clopidogrel, Grepid, Plavix, Ticlid, Efient eða Brilique. Að jafnaði skal hætta notkun þessara lyfja 2-7 dögum fyrir rannsókn vegna blæðingarhættu en tímalengdin fer eftir tegund lyfsins. Nauðsynlegt er að hafa samráð við lækni áður en tekin er ákvörðun um að stöðva tímabundið notkun slíkra lyfja.

Rannsóknin sjálf:

- Áður en rannsóknin hefst gefur hjúkrunarfræðingur eða lækur þér stutta útskýringu á því hvernig rannsóknin fer fram. Hafir þú spurningar skaltu endilega bera þær fram þá.
- Rannsóknin er fljótleg. Sjaldnast er þörf á róandi eða verkjastillandi lyfjum.
- Þú liggur á vinstri hlið og krepur bæði hné og mjaðmir.
- Skoðunin er framkvæmd með sveigjanlegri slöngu sem er þrædd upp ristilinn. Litlu magni af lofti er dælt inn í ristilinn til að gefa yfirsýn.

Sérfræðingar í Meltingarsetrinu:

Hallgrímur Guðjónsson, Jón Örvar Kristinsson, Lóa G. Davíðsdóttir, Óttar M. Bergmann, Sif Ormarsdóttir, Sigurður Einarsson, Sigurður Ólafsson, Steingerður A. Gunnarsdóttir, Sunna Guðlaugsdóttir

- Aðalskoðunin fer fram þegar slangan er dregin hægt og rólega til baka. Vefjasýni eru tekin ef þörf krefur og er það sársaukalaust. Öll sýni eru send til vefjagreiningar á rannsóknarstofu.
- Skoðunin tekur um það bil 3-10 mínútur.

Er þetta sárt?

Stundum veldur rannsóknin vægum kveisukenndum verkjum í kvið vegna lofts sem dælt er inn í ristilinn til að auðvelda yfirsýn. Þú getur dregið úr þeim með því að anda djúpt og rólega nokkrum sinnum.

Að skoðun lokinni:

Upplýsingar um niðurstöður færð þú hjá læknum strax að speglun lokinni. Hafi vefjasýni verið tekið þarf að bíða í nokkra daga eftir niðurstöðum úr þeim. Þú getur fundið fyrir vægum verkjum í kvið (vindverkjum) sem venjulega líða fljótt hjá. Þú mátt borða og drekka að vild.

Er hættu á fylgikvillum?

Stutt ristilspeglun er örugg rannsókn. Eins og við öll læknisfræðileg inngrip geta hins vegar komið upp ófyrirsjáanlegir fylgikvillar. Blæðingar geta komið einkum ef teknir eru separ. Slíkar blæðingar stöðvast gjarnan af sjálfu sér en geta í undantekningartilfellum krafist blóðgjafar eða skurðaðgerðar. Götun á ristli er enn sjaldgæfari fylgikvilli en getur einnig krafist skurðaðgerðar. Þá geta róandi lyf valdið aukaverkunum en slíkt er sjaldgæft.

Eftir rannsókn – Láttu lækinn þinn fljótt vita ef þú færð:

1. Slæma kviðverki.
2. Hroll og hita.
3. Miklar blæðingar um endaparm (meira en 1 tsk. í hvert skipti).

Ýmsar upplýsingar má einnig finna á heimasíðunni okkar: www.meltingarsetrid.is.

Gangi þér vel.

Bestu kveðjur,

Starfsfólk Meltingarsetursins

Sérfræðingar í Meltingarsetrinu:

Hallgrímur Guðjónsson, Jón Örvar Kristinsson, Lóa G. Davíðsdóttir, Óttar M. Bergmann, Sif Ormarsdóttir, Sigurður Einarsson, Sigurður Ólafsson, Steingerður A. Gunnarsdóttir, Sunna Guðlaugsdóttir